

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helgúvík Helgúvík



<b>Dags eftirlits</b>	8.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Helgúvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Valur Klemensson
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eggert Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	326111,902 396024,62

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá starfsleyfi, reglugerðum né lögum komu fram í eftirlitinu en eitt frávik var frá gr. 3.9 í starfsleyfi í síðasta eftirliti. Engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Megintilgangur aukaeftirlitsins var að ræða gerð starfsleyfistillögu Síldarvinnslunnar ásamt skoðun á fitugildru. Í síðustu eftirlitsskýrslu úr reglubundnu eftirliti Síldarvinnslu Neskaupstaðar Helgúvík var frávik vegna ófullnægjandi frárennisskýrslu.

Ekki var haldinn neinn formlegur eftirlitsfundur enda stutt liðið frá síðasta reglubundna eftirliti. Þá var verksmiðjan ekki í gangi en þegar eftirlitsmenn voru á staðnum var verið að keyra verksmiðjuna upp. Uppkeyrsluferlið tekur reyndar töluverðan tíma þannig að ekkert frárennslis var komið í fitugildruna þar sem sýni til frárennismælinga eru tekin og ekki von á því alveg í bráð.

Verksmiðjan var öll skoðuð frá löndunaraðstöðu að mjölgeymslu. Einnig gafst tækifæri á að skoða hráefnistank að innan.

Verksmiðjustjóri upplýsti að útrás frárennslis væri staðsett töluvert frá landi eða út við hafnarmynni Helgúvíkurhafnar.

### Frávik frá

Gr. 3.9 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Frárennismælingum frá vinnslunni hafði ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar þegar eftirlit fór fram en voru sendar stofnuninni nokkrum dögum síðar en þær voru ófullnægjandi miðað við það sem farið er fram á í greinum 3.8, 3.9 og 3.10 í starfsleyfi.

Reykjavík, 18.12.2012

Ólafur Kristinn Tryggvason

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.